

Nefndasvið Alþingis
B.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík



Reykjavík, 3. júní 2019.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum (sýklalyfjanotkun), 753. mál.

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til beiðni atvinnuveganefndar, dags. 20. maí 2019, um umsögn um ofangreint frumvarp á þingskjali 1189.

Tillaga frumvarpsins er sú að fyrirtæki sem hafi með höndum smásölu matvæla skuli „tryggja með merkingum í sölurýmum að neytendur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um upprunaland matvælanna og meðalnotkun sýklalyfja við framleiðslu matvæla í viðkomandi landi.“ Matvælastofnun skuli gefa út árlegar leiðbeiningar um miðlun upplýsinga um sýklalyfjanotkun við framleiðslu matvæla.

FA telur frumvarp þetta meingallað og marklaust. Félagið gerir engan ágreining við flutningsmenn um að mikilvægt og sjálfsgagt er að neytendur hafi aðgang að upplýsingum um upprunaland matvæla. Hins vegar rata menn í alls kyns ógöngur þegar þeir hyggjast nálgast upplýsingar um sýklalyfjanotkun, jafnt hér á landi og í öðrum ríkjum.

Í fyrsta lagi er fráleitt að veita upplýsingar um notkun sýklalyfja við framleiðslu annarra afurða en dýraafurða.

Í öðru lagi liggur oft alls ekki fyrir hver er meðalsýklalyfjanotkun vegna framleiðslu kjöts af ýmsum dýrategundum. Hér á landi nær reglugerð nr. 303/2012 um rafræna skráningu dýralækna á dýrasjúkdónum og lyfjameðhöndlun, til dæmis eingöngu til nautgripa og hesta. Upplýsingar um sýklalyfjagjöf til annarra dýra liggja ekki á lausu.

Í þriðja lagi er eftirliti með sýklalyfjagjöf í landbúnaði hér á landi verulega ábótavant. Í skýrslu Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar (World Organisation for Animal Health), sem skilað var til íslenzkra stjórnvalda haustið 2015, kemur þannig fram að pottur sé brotinn í eftirliti Matvælastofnunar og Lyfjastofnunar með lyfsölu dýralækna og hafi árið 2015 ekkert eftirlit farið fram í 2-3 ár. Í skýrslunni er vitnað í viðtal við sjálfstætt starfandi dýralækni, sem fengið hafði eina eftirlitsheimsókn á 12 árum. Stofnunin telur að mikið vanti upp á skráningu á lyfjanotkun í gagnagrunna.

Í fjórða lagi hefur verið bent á að vegna þess að fiskeldi telst til landbúnaðar, sé lífmassi eldisfiska með í nefnaranum þegar reiknað sé meðaltal sýklalyfjanotkunar í landbúnaði. Lönd þar sem fiskeldi er umfangsmikið en sýklalyfjanotkun í fiskeldi lítil sem engin, eins og Ísland og Noregur, komi fyrir vikið mun betur út úr slíkum meðaltalsútreikningum en lönd sem fyrst og fremst stunda hefðbundinn landbúnað. Ljóst er að slík meðaltöl segja takmarkaða sögu og gera lítið gagn.

Í fimmta lagi segir meðaltalsnotkun sýklalyfja í landbúnaði viðkomandi ríkis ekkert um það hvort eða hversu mikil sýklalyf voru notuð við framleiðslu vörunnar, sem verið er að merkja. Væri til dæmis verið að veita neytendum góðar upplýsingar með því að merkja lífrænt vottaða kjötvöru, þar sem engin sýklalyf hefðu verið notuð við framleiðsluna, með upplýsingum um sýklalyfjanotkun í upprunalandinu? Það liggur raunar í augum uppi að með því væri verið að villa um fyrir neytendum.

Ríkisstjórn Íslands tilkynnti á blaðamannafundi 29. maí síðastliðinn að Ísland hygðist vera í farabroddi í aðgerðum til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmis. Þá ætla íslensk stjórnvöld, „innan ramma alþjóðlegra skuldbindinga og á grundvelli lýðheilsusjónarmiða, að koma í veg fyrir dreifingu matvæla sem í greinast sýklalyfjaónæmar bakteríur.“

Þetta er öllu skynsamlegri stefna en sú sem þingmenn Miðfloksins leggja til í ofangreindu frumvarpi, þótt enn sé mikil vinna óunnin við að afla haldbærra gagna um sýklalyfjaónæmar bakteríur í jafnt innlendum sem innfluttum matvælum.

Af framansögðu má ljóst vera að FA mælir ekki með samþykkt frumvarpsins.

FA áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,

Ólafur Stephensen
Framkvæmdastjóri FA